

Fyrirspurn

til efnahags- og viðskiptaráðherra um ávöxtunarkröfu lífeyrissjóða.

Frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur.

1. Hver eru helstu efnahagslegu langtímaáhrif þess að miða ávöxtunarkröfu lífeyrissjóðanna við 3,5%, sbr. 19. og 20. gr. reglugerðar nr. 391/1998, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með áorðnum breytingum? Er þörf á ítarlegri rannsókn?
2. Hafa áhrif 3,5% viðmiðs komið til umræðu í samstarfi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og íslenskra stjórnvalda?
3. Er 3,5% viðmið raunsætt og eðlilegt miðað við:
 - a. hagvöxt síðustu 30–50 ára,
 - b. væntingar um hagvöxt í okkar heimshluta næstu 20–30 ár, og
 - c. þá djúpu kreppu sem Ísland og mörg önnur vestræn lönd hafa átt við að etja síðan 2008?
4. Er ástæða til að endurskoða núverandi viðmið um ávöxtunarkröfu lífeyrissjóðanna?

Skriflegt svar óskast.